

# Úrskurður

Agamál nr. 21/2016-2017

<b>Viðburður:</b>	Leikur UMFG og ÍR í mfl. karla, leikinn 5. desember 2016.
<b>Dagsetning kæru:</b>	5. desember 2016.
<b>Kæra:</b>	Kærð er framkvæmd leiks.
<b>Kærði:</b>	UMFG
<b>Kærandi/ur:</b>	Kristinn Óskarsson, Davíð Kristján Hreiðarsson og Steinar Orri Sigurðsson, dómara leiksins.

## Málavextir.

Samkvæmt skýrslu dómara var engin sýnileg gæsla. Tveir starfsmenn hafi haft það hlutverk að þurrka svita en þeir hafi ekki verið auðkenndir sem gæsla og hafi greinilega ekki haft það hlutverk. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að í leikslök hafi fjöldi barna og fullorðinna komið inn á völlinn og þvaga myndast við ritaraborðið þar sem dómara hafi orðið fyrir hvassri gagnrýni af hálfu leikmanna beggja liða og stjórnarmanna. Við ritaraborðið hafi verið fjöldi fólks og uppákoman óþægileg og ónauðsynleg. Þá hafi dómara þurft að ganga yfir leikvöllinn án fylgdar fulltrúa heimaliðs eða gæslu til að komast til búningsherbergja - framhjá áhorfendastúku og í gegnum andyri þar sem áhorfendur hafi verið til staðar.

Í andsvörðum kærða kemur fram að félagið gangist við því að gæsla hafi ekki verið sýnileg. Eftir leik hafi talsverður fjöldi barna komið inná völlinn vegna sigurs heimaliðsins, en því alfarið hafnað að stjórnarmenn félagsins hafi veist að dómurum leiksins við þær kringumstæður. Þá sé það nýtilkomið að dómara þurfi að vera í sér klefa. Vitneskja um það hafi hins vegar ekki verið til staðar, þ.e.a.s félagið hafi ekki vitað að búíð væri að færa dómara til. Því hafi dómara þurft að ganga í gegnum ákveðinn fjölda fólks í umrætt sinn. Þessu verði hins vegar í lagi í framtíðinni.

## Rökstuðningur.

Skv. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót bera félög ábyrgð á því að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Í því felst m.a. að tryggja öryggi dómara sem og aðskilnað áhorfanda frá starfsmönnum leiksins. Eins og atvikum er háttað í máli þessu liggur fyrir að hið kærða félag hefur ekki sinnt skyldum sínum.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar eiga ákvæði f. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðamál við í þessu máli Telur nefndin því rétt að hið kærða lið hljóti áminningu. Einnig telur nefndin rétt að hið kærða félag greiði sekt að fjárhæð kr. 20.000 til KKÍ. Jafnframt krefst aga- og úrskurðarnefnd þess að hið kærða félag geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja betur öryggi dómara og annarra aðila sem koma að framkvæmd leikja.

## Úrskurðarorð.

Hið kærða lið, UMFG, sætir áminningu og greiði sekt til KKÍ að fjárhæð kr. 20.000 vegna skort á gæslu á leikstað og að tryggja fullnægjandi vernd fyrir dómara leiksins. Hið kærða félag er gert skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja betur öryggi aðila sem koma að framkvæmd leikja.

Reykjavík 20. desember 2016

**Ingimar Ingason, formaður**

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, varaformaður**

**Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður**

**Kristinn G. Kristinsson**

**Sigríður Inga Viggósdóttir**

**Hrefna Dögg Gunnarsdóttir**